

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018, efnistökusvæði við Falljökulskvísl í landi Sandfells í Öræfum.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 8. júní 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018 frá 23. janúar 2001.

Breytingin felst í að opnað verður nýtt efnistökusvæði vestan við Falljökulskvísl um 2-3 km norðaustan við Hringveginn. Gert er ráð fyrir að fyrirhuguð efnistaka verði allt að 50.000 m<sup>3</sup> af 7.000 m<sup>2</sup> svæði. Ennfremur verður lagður 2,5 km langur vegslóði að námunni eftir farvegi/aurum Falljökulskvíslar með tengingu við Hringveginn austan brúar yfir ána.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 8. júní 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2007